



Svanurinn.is

## Fréttabréf Svansins

Maí 2012

### Staða leyfa

Í dag eru 20 íslensk fyrirtæki með umhverfsvottun Svansins og á þeim eftir að fjölga á næstunni. Nýjustu fyrirtækin eru Umslag ehf. sem er sjöunda prentsmiðjan á Íslandi til að hljóta Svansvottun, Grand Hótel Reykjavík sem er fyrsta hótelið til að hljóta Svansvottun í Reykjavík og Fjarðarþrif sem er fyrirtæki í ræstingarþjónustu staðsett á Eskifirði. Öll stóðust þau úttekt með glæsibrag og óskum við þeim innilega til hamingju með árangurinn. Umsóknum um Svansleyfi fjölgar stöðugt svo áhugi fyrirtækja á Svaninum fer greinilega vaxandi og fögnum við því.

### Kynningarmál

Verkefnið Ágætis byrjun er í fullum gangi en markmið þess er að kynna fyrir foreldrum ungbarna kosti þess að nota Svansmerktar vörur og fræða þá um leið um vafasöm efni í ungbarnavörum. Verkefnið felur það í sér að dreifa til foreldra taupokum sem í er að finna bækling með fræðslu um Svansmerkið og Svansmerktar kynningarvörur. Breyting hefur orðið á dreifingarleiðum verkefnisins á höfuðborgarsvæðinu. Nú munu meðgöngujóga-, sund-, og leikfimistaðir sjá um dreifingu taupokanna til sinna viðskiptavina á höfuðborgarsvæðinu en fæðingadeildir á landsbyggðinni munu áfram dreifa pokanum. Einnig er verðandi og nýbökðuðum foreldrum boðið að nálgast taupoka til Umhverfisstofnunar, og þeir hvattir til þess að nýta sér það. Fyrirhugað er að verkefnið verði í gangi út september 2012.

### Innkaupaklúbburinn

Í undirbúningi er stofnun Innkaupaklúbbs Svansins. Klúbbur með svipuðu sniði hefur verið starfræktur í Noregi og í Svíþjóð undanfarin ár. Hugsunin á bak við Innkaupaklúbbinn er að setja upp eins konar tengslanet fyrirtækja sem vilja auka umhverfishugsun í starfsemi sinni og huga þá sér í lagi að innkaupum fyrirtækisins. Gert er ráð fyrir að öll fyrirtæki með vottun geti gengið í klúbbinn auk fyrirtækja sem hafa áhuga á umhverfisstarfi en geta ekki fengið vottun þar sem ekki hafa verið þróuð viðmið sem henta starfsemi þeirra. Um er að ræða afar spennandi verkefni.

**Svanurinn fyrir umhverfið og heilsu**



Svanurinn.is

## Vistvæn innkaup ríkisins

Ljóst er að áhrifamáttur opinberra innkaupa er mikill. Með því að setja skýrar kröfur um umhverfissjónarmið í opinberum innkaupum gefst tækifæri til að hvetja til nýsköpunar og virkrar samkeppni um vistvænar vörur og þjónustu á markaðinum. Um leið er stuðlað að því að draga verulega úr umhverfisáhrifum innkaupa og neyslu í opinberri starfsemi og samfélaginu öllu. Vistvæn innkaup fela í sér margs konar ávinning fyrir kaupendur, seljendur og samfélagið allt. Til að fylgja eftir stefnu ríkisins um vistvæn innkaup verður öllum stofnunum ríkisins boðið á vinnustofu þar sem þeim verður kynnt verklag við vistvæn innkaup. Nú þegar hafa verið haldnar vel heppnaðar vinnustofur með fjármálaráðuneytinu, efnahags- og viðskiptaráðuneyti og iðnaðar- ráðuneyti og þeirra undirstofnunum. Með því fyrsta sem stofnanir eru beðnar um að gera er að óska eftir því

## Mannabreytingar

Anna Sigurveig Ragnarsdóttir ([anna.ragnarsdottir@umhverfisstofnun.is](mailto:anna.ragnarsdottir@umhverfisstofnun.is)) og Elva Rákel Jónsdóttir ([elva@umhverfisstofnun.is](mailto:elva@umhverfisstofnun.is)) starfa á sviði Svansins. Anne Maria Sparf ([annemaria@umhverfisstofnun.is](mailto:annemaria@umhverfisstofnun.is)) er í veikindaleyfi en Katrín Hilmarsdóttir ([katrin.hilmarsdottir@umhverfisstofnun.is](mailto:katrin.hilmarsdottir@umhverfisstofnun.is)) hefur komið inn í verkefni Svansins tímabundið í staðinn. Fyrir almennar fyrirspurnir bendum við á [svanurinn@umhverfisstofnun.is](mailto:svanurinn@umhverfisstofnun.is).

Svanurinn fyrir umhverfið og heilsu